

Sent allsherjarnefnd Alþingis

Reykjavík, 23. apríl 2004
2004040007/42-1
SB/hj

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar dags. 6. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ef frumvarpið verður að lögum munu þau leysa af hólmi gildandi lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því m.a. að Þingvellir fái formlegan sess sem þjóðgarður, að friðlýst landsvæði sexfaldist með innlimun fimm jarða í þjóðgarðinn og að náttúruverndarákvæði verði styrkt með því að leggja áherslu á vernd upprunalegs náttúrufars svæðisins. Umsýsla með þjóðgarðinum verður áfram undir stjórn þingkjörinnar Þingvallanefndar, en forsætisráðuneyti fer með yfirstjórn og úrskurðarvald í málefnum þjóðgarðsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið ákvæði frumvarpsins sem lúta að stækkun þjóðgarðsins og verndun hans. Náttúrufræðistofnun leggur til að fulltrúi frá Umhverfisstofnun, sem fer með umsýslu annarra þjóðgarða á Íslandi, sitji í Þingvallanefnd til að tryggja eðlilegt samráð og samstarf þessara aðila. Jafnframt hvetur Náttúrufræðistofnun til þess að hugað verði sem fyrst að enn frekari stækkun þjóðgarðsins til austurs og norðurs, þ.e. að innlima Tindaskaga, Kálfstinda og Skjaldbreiði í þjóðgarðinn, þannig að hann spanni og tryggi verndun einstakra

jarðmyndana frá ísöld og nútíma á því svæði (sbr. Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. 2002. Verndun jarðminja á Íslandi. NÍ - 02019; Umhverfisstofnun. 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.).

Virðingarfyllt

Snorri Baldursson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS